



Alþingi
Stefán Árni Auðólfsson
Nefndasvið Alþingis
101 Reykjavík

Reykjavík, 06.04.2005
Tilv. 2005/03/042 - 0.32
TA

591

Efni: Umsögn Löggildingarstofu, sbr. þingmál nr. 590- 592.

Vísað til bréfs yðar dags. 11. mars 2005 þar sem Löggildingarstofu er sent til umsagnar frumvarp til laga um miðlun váttrygginga, 551. mál; frumvarp til samkeppnislaga, 590. mál; frumvarp til laga um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins, 591.mál og frumvarp til laga um Neytendastofu og talsmann neytenda, 592. mál.

Í frumvarpi til laga um Neytendastofu og talsmann neytenda er lagt til að Löggildingarstofa verði lögð niður og nafni hennar breytt í samræmi við ákvæði frumvarpsins. Auk þess er þar að finna tillögur að til hinnar nýju stjórnarsýslustofnunar verði flutt nokkur stjórnarsýsluverkefni sem innt hafa verið af hendi á markaðsmálasviði Samkeppnisstofnunar og jafnframt taki hún að sér eftirlit með ákvæðum ýmissa laga sem þar eru talin upp og hafa neytendavernd almennt að meginmarkmiði. Í frumvarpinu er einnig lagt til að stofnað verði embætti talsmanns neytenda svo og áfrýjunarnefnd neytendamála og eru það nýmæli.

Eins og kemur fram í frumvarpinu þá er Löggildingarstofu samkvæmt gildandi löggjöf falið eftirlit með almennu vöruöryggi, sbr. lög nr. 134/1995, með síðari breytingum; með rafmagnsöryggismálum, sbr. lög nr. 146/1996, með síðari breytingum, með lögmælifræði og þar með stjórnarsýslueftirlit með samræmismati, löggildingum og endurlöggildingum mælitækja, sbr. lög nr. 100/1992, með síðari breytingum svo og eftirlit með nokkrum öðrum lögum sem ekki þykir ástæða að telja hér upp.

Öll framangreind stjórnarsýsluverkefni Löggildingarstofu miða að því að stuðla að öryggi og trausti í viðskiptum á markaðnum svo og neytendavernd. Löggildingarstofa telur því að framangreind breyting sé til þess fallin að styrkja stjórnarsýslu á sviði neytendaverndar hér á landi enda hefur þetta stjórnarsýslusvið vaxið á undanförunum árum ekki síst vegna fjölda ESB-gerða sem hafa verið innleiddar á Íslandi, einkum eftir gildistöku EES-samningsins. Í framangreindri breytingu felst einnig að kjarnastarfsemi hinnar nýju stjórnarsýslustofnunar sem hefur að meginmarkmiði neytendavernd er styrkt með því að færa undir hennar stjórnarsýslu framkvæmd þeirra laga sem m.a. eru talin upp í 1. gr. og 13. gr. frumvarpsins. Þeirri skipulagsbreytingu fylgir jafnframt tækifæri til að auka skilvirkni í stjórnarsýslu, eftirliti með þeim lögum sem hér um ræðir svo og og upplýsingagjöf til almennings og fyrirtækja um neytendamál almennt. Framangreindar breytingar leggja því góðan stjórnarsýslulegan grunn fyrir starfi að neytendamálum og að unnt verði að efla neytendavernd á Íslandi. Loks fela framangreindar skipulagsbreytingar í sér að stjórnarsýsla á sviði neytendaverndar mun verða líkari því sem tíðkast á öðrum Norðurlöndum. Í skýrslu samstarfsráðherra Norðurlanda til

Alþingis á undanförunum árum og áratugum hefur verið gerð grein fyrir því þýðingarmikla samstarfi sem er á milli Norðurlandanna á sviði neytendamála. Þess má því vænta að framangreindar breytingar séu allar til þess fallnar að styrkja og auðvelda samstarf við systurstofnanir á Norðurlöndunum svo og stjórnómálalegt samstarf á þessu sviði og þátttöku Íslands í starfi Norrænu ráðherranefndarinnar á sviði neytendamála.

Rétt er að geta þess að Löggildingarstofa telur ekki ástæðu til að fjalla um frumvarp til laga um váttrygginga, 551. mál.

Löggildingarstofa vill loks þakka efnahags - og viðskiptanefnd Alþingis fyrir að hafa fengið framangreind fúmvörp til umsagnar.

Virðingarfyllt

f.h. Löggildingarstofu



Tryggvi Axelsson

Forstjóri